

Athugun á ferli og rannsókn máls nr.

**007-2017-049755**

---

KARL STEINAR VALSSON

ÆVAR PÁLMI PÁLMASON

12. FEBRÚAR 2018

## **EFNISYFIRLIT**

1.	Athugun á ferli og rannsókn máls nr. 007-2017-049755.....	2
2.	Skipulag .....	2
3.	Umfang mála.....	4
4.	Verklag.....	4
5.	Innri athugun á ferli máls 007-2017-049755 .....	5
6.	Athugun á stöðu annarra mála í R1.....	8
7.	Niðurstöður .....	8
8.	Fylgiskjöl .....	9
9.	Tímalína .....	9

## **1. Athugun á ferli og rannsókn máls nr. 007-2017-049755.**

Í þessari athugun verður farið yfir helstu þætti og feril rannsóknar máls nr 007-2017-049755. Markmiðið með þessari athugun er að kanna hvers vegna ekki var gripið til réttra aðgerða þegar málið barst löggreglu. Jafnframt verður ferill annarra mála í deildinni skoðaður. Athugunin er byggð á viðtölum sem tekin voru við starfsmenn kynferðisbrotadeilda löggreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (R1) og aðra þá sem komu að málín með einum eða öðrum hætti. Að auki er byggt á öðrum gögnum sem varpað geta ljósi á atburðarrásina.

## **2. Skipulag**

Rannsóknum hjá LRH er skipt á milli Miðlægrar rannsóknardeilda og rannsóknæininga á svæðastöðvum á höfuðborgarsvæðinum. Yfirlöggreglujónn stýrir miðlægri rannsóknardeild og er deildinni skipt í tvær einingar; R1 sem er kynferðisbrotadeild og R2 sem rannsakar skipulagða brotastarfsssemi. Sjá lýsingu á hlutverki yfirlöggreglujóns sbr. reglugerð nr. 1051/2006:<sup>1</sup>

5. gr.

### ***Yfirlöggreglujónar.***

Hjá hverju lögreglumætti skal starfa yfirlöggreglujónn. Í lögreglum með fleiri en 80 löggreglumenn, og hjá embætti ríkislöggreglustjóra, gæta þeir verið fleiri en einn. Verksvið og ábyrgð yfirlöggreglujóns er eftirfarandi:

1. Dagleg stjórn lögregluliðs eða hluta þess í umboði löggreglustjóra.
2. Þátttaka í áættlanagerð, skipulagningu og markmiðsetningu embættisins.
3. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur lögregluliðs, deilda eða eininga sé innan fjárhilmida.
4. Eftirlit með því að vinna lögreglumanna uppfylli að öllu leyti kröfur um fagleg vinnubrögð.
5. Eftirlit með því að þeir sem undir hann heyra færi skráningu mála og atburði sem tilkynntir eru í skráningarkerfi löggreglu samkvæmt reglum og fyrirmælum.
6. Stjórn og ábyrgð á tilteknun verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar eða menntunar, þar með talin rannsókn mála og aðstoð við saksókn.

Í kynferðisbrotadeild LRH starfa í dag einn aðstoðaryfirlöggreglujónn, einn löggreglufulltrúi og átta rannsóknarlöggreglumenn. Einn af þessum átta sinnir ráðgjafastörfum í Bjarkarhlíð. Auk þess hefur starfsmaður embættisins sem sinnir leit að týndum börnum tilheyrt deildinni en hann sinnir ekki rannsóknum mála.

Eins og að framan greinir er stjórnun og ábyrgð á verkefnum deildarinnar í höndum aðstoðaryfirlöggreglujóns sbr. reglugerð nr. 1051/2006:

---

<sup>1</sup> Sjá fylgiskjal nr. 1

6. gr.

*Aðstoðaryfirlöggreglupjónar.*

Hjá lögregluliðum með fleiri en 20 lögreglumenn skal starfa aðstoðaryfirlöggreglupjónn. Í lögregluliðum með fleiri en 35 lögreglumenn, og hjá embætti ríkislöggreglustjóra, geta þeir verið fleiri en einn. Verksvið og ábyrgð aðstoðaryfirlöggreglupjóns er eftifarandi:

1. Hann er yfirlöggreglupjóni til aðstoðar.
2. Stjórn og ábyrgð á deildum svo og tilteknum verkefnum sem honum eru falin og krefjast sérstakrar þekkingar, þjálfunar og/eða menntunar, þ.m.t. rannsókn mála og aðstoð við saksókn.
3. Eftirlit með að reglum og fyrirmælum sé framfylgt og að fjárhagslegur rekstur deilda eða eininga sé innan fjárheimilda.

-

Honum til aðstoðar við stjórnun deildarinnar er einn lögreglufulltrúi. Sérstök starfslysing fyrir lögreglufulltrúa í Miðlægri rannsóknardeild er fyrilliggjandi hjá LRH. Sjá starfslysingu lögreglufulltrúa í reglugerð 1051/2006:

8. gr.

*Lögreglufulltrúar.*

Verksvið og ábyrgð lögreglufulltrúa er í meginatriðum eftifarandi:

- a. Stjórn rannsóknardeildar eða einstakra undirdeilda eða verkefna, þar sem það á við, í samræmi við gildandi skipurit og starfslysingu.
- b. Rannsóknir viðameiri og flókinna mála, þar á meðal tæknirannsóknir, sem vegna eðlis krefjast aukinnar sérhæfingar og sérþekkingar og stjórn rannsóknardeildar eða einstakra undirdeilda eða verkefna, þar sem það á við, í samræmi við gildandi skipurit og starfslysingu.
- c. Náið samstarf við ákærrendur og eftir atvikum aðstoð við undirbúning saksóknar.
- d. Eftirlit með því að reglum og fyrirmælum sé fylgt og að fjárhagslegur rekstur skipulagsheildar undir hans stjórn, eða einstakra verkefna, sé innan fjárheimilda.

Aðstoðaryfirlöggreglupjónn og lögreglufulltrúi eru hinir daglegu stjórnendur kynferðisbrotadeildarinnar. Hlutverk þeirra er að tryggja að við rannsóknir og við umsýslu annarra erinda sé að öllu leyti farið að lögum, reglum og verklagi á hverjum tíma. Aðstoðaryfirlöggreglupjónn hefur frekar sinnt ytri málefnum eins og samskiptum við aðrar stofnanir og hagsmunaaðila, en lögreglufulltrúi haft nær algjörlega með verkstjórn rannsókna að gera.

Skriflegt verklag við útdeilingu mála og forgangsröðun þeirra er ekki fyrilliggjandi. Af viðtölum okkar við starfsmenn deildarinnar hefur komið fram að starfsmönnum sé þó almennt gert aðvart ef að verkefni hafi falið í sér sérstök atriði eða krafist sértækra og tafarlausra aðgerða með einhverjum hætti.

Fram hefur komið í viðtölum við starfsmenn deildarinnar að samskipti þeirra vegna rannsókna og framvindu mála eru nær undantekningalaust bundin við löggreglufulltrúa deildarinnar. Sé hann ekki aðgengilegur leita starfsmenn til lögfræðinga á ákærusviði embættisins. Í samtölum við starfsmenn deildarinnar hefur einnig komið fram að samskipti þeirra við aðstoðaryfirlöggreglubjón deildarinnar eru góð en varða sjaldan álitaefni í rannsóknum. Þó að oftast hafi tekist vel til við rannsóknir mála þá teljum við að stjórnun deildarinnar sé ekki nægilega markviss og skipulögð.

### **3. Umfang mála**

Umfang mála hjá deildinni hefur vaxið undanfarin ár. Má í því sambandi nefna að í upphafi árs 2017 var farið í sérstakar aðgerðir (átak) vegna mjög erfiðrar rannsóknarstöðu deildarinnar. Á þeim tíma voru 105 rannsóknir kynferðisbrotamála í deildinni. Sett voru á fót teymi rannsóknarlöggreglumanna frá ýmsum deildum embættisins sem fengu það hlutverk að aðstoða deildina við rannsókn þessara mála. Í upphafi árs 2018 hefur tekist að vinna þessi mál niður. Í byrjun febrúar 2018 stóðu eftir 30 mál af áðurnefndum 105 málum.

Á fyrrgreindum tíma, meðan unnið var að því að vinna niður þennan flokk eldri mála varð mikil fjölgun á innkomnum kærum og verkefnum í deildinni. Þannig hefur heildarverkefnastaða deildarinnar samt sem áður þyngst árið 2017. Við teljum nauðsynlegt að hafa verði í huga þróun fjölda á tilkynntum kynferðisbrotum til löggreglu. Við skoðun á tölulegum upplýsingum um tilkynnt kynferðisbrot til löggreglu, má sjá að hlutfall brotanna sem tilkynnt eru til LRH er yfirleitt frá 50 til 70% allra tilkynntra brota á landinu.<sup>2</sup>

### **4. Verklag**

Leiðbeiningar til handa löggreglu vegna rannsókna kynferðisbrota eru, auk beinna lagafyrirmæla, að finna í leiðbeiningum ríkissaksóknara frá 17. apríl 2002 sem ber yfirskriftina *Leiðbeiningar um rannsókn nauðgunarmála*. Leiðbeiningarnar eru á margan hátt skýrar og gagnlegar. Ríkissaksóknari felldi þessar leiðbeiningar úr gildi með bréfi til allra lögreglustjóra, dags. þann 16. október 2009. Í bréfinu segir eftirfarandi:

„Frá því leiðbeiningar þessar tóku gildi hafa verið sett lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála, reglugerð nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna og yfirheyrlur hjá

---

<sup>2</sup> Sjá fylgiskjal 2.

lögreglu, ríkislöggreglustjórinn hefur gefið út handbók um tæknilegar rannsóknir á vettvangi afbrota og starfandi er fagteymi um starfsemi og verklag á neyðarmóttöku. Þá er mikil reynsla komin á meðferð þessara mála á rannsóknarstigi frá því reglurnar voru settar.“

Í bréfinu er þó tekið fram að ýmis gagnleg atriði komi fram í leiðbeiningunum sem lúti að rannsókn sakamála almennt.<sup>3</sup>

Samkvæmt okkar upplýsingum var verklag við rannsókn kynferðisbrota áður á þann veg að aðstoðaryfirlöggregluþjónn tók við öllum málum sem bárust deildinni, skráði og las þau yfir, tilkynnti barnaverndarnefnd ef tilefni var til þess og afhenti svo lögreglufulltrúa málið til frekari úrvinnslu og létt hann vita ef hann taldi að tryggja þyrfti ákveðin sönnunargögn eða láta kanna ákveðin atriði. Þar að auki var löglærðum fulltrúa á ákærusviði afhent afmálgögnum.

Sumarið 2016 gaf löglærður fulltrúi á ákærusviði þau munnlegu tilmæli til stjórnenda deildarinnar að ákærusviði yrði gert umsvifalaust viðvart þegar inn kæmu mál frá barnaverndaryfirvöldum. Sami fulltrúi gaf einnig þau tilmæli í upphafi árs 2017, þegar farið var í þær sértæku aðgerðir sem nefndar eru í kafla 5, að öll ný mál sem kæmu inn í deildina yrðu kynnt á vikulegum fundum deildarinnar á miðvikudögum. Þessi tilmæli voru gefin til þess að tryggt væri að ákærusvið gæti gripið inn í ef einhver mikilvæg atriði færð fram hjá við fyrstu greiningu málanna.

Við teljum vert að vekja athygli á þeim fjölmörgu tillögum til úrbóta í þessum málaflokki, sem fram koma í nýlegri skýrslu samráðshóps innanríkisráðherra. Skýrslan ber heitið *Um meðferð kynferðisbrota innan réttarvörslukerfisins – Tillögur um aðgerðir 2018-2022*.<sup>4</sup>

## 5. Innri athugun á ferli máls 007-2017-049755

Þann 24. ágúst 2017 barst embætti lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu (LRH) kæra frá lögmanni (réttargæslumanni) fyrir hönd skjólstæðings (kæranda) síns. Kæran var lögð fram á hendur karlmanni (kærða) og sagði í henni að kærði hafi gengt starfi stuðningsfulltrúa og hafi kærandi verið skjólstæðingur hans frá árinu 2004 til 2010. Á þeim tíma hafi kærði ítrekað beitt kæranda grófu kynferðislegu ofbeldi. Í kærunni segir einnig orðrétt: „...kæranda er kunnugt um

<sup>3</sup> Sjá fylgiskjal 3.

<sup>4</sup> <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=28dd6db6-081f-11e8-9424-005056bc4d74>.

að kærði hafi starfað fyrir barnaverndaryfirvöld og m.a. rekið heimili fyrir börn í Hraunbergi í Reykjavík.“

Frumgreining málsins var gerð af löggreglufulltrúa deildarinnar. Það er okkar mat við lestur framangreindrar kæru að fullt tilefni hafi verið til að kanna með núverandi starfsvettvang kærða. Það var hins vegar ekki gert. Þar að auki kemur það fram í yfirheyrsli kæranda, hinn 21. desember að kærði hafi verið með börn í sinni umsjá og fengið fyrir það greitt. Það leiddi heldur ekki til sérstakra viðbragða.

Samskipti löggreglu og réttargæslumanns hafa verið til umfjöllunar í fjölmöldum. Þar hefur komið fram gagnrýni á löggreglu við framkvæmd og ferli málsins. Réttargæslumaðurinn hefur m.a. tilgreint í því sambandi samskipti við löggreglu í gegnum síma, tölvupóst og við yfirheyrlur í málinu. Samskiptin hafa bæði verið af hans hálfu og fulltrúa hans. Við skoðun á þessum samskiptum fram til 18. janúar, getur löggregla ekki staðfest eða vitnað í önnur samskipti en two tölvupósta sem sendir voru af fulltrúa réttargæslumanns 1. og 5. desember 2017 og ummæli réttargæslumanns sem bókuð voru í yfirheyrsli brotaþola þann 21. desember. Tölvupóstarnir voru sendir á löggreglufulltrúa kynferðisbrotadeildarinnar sem þá var fjarverandi vegna veikinda. Sjálfvirk tilkynning í tölvupósti um fjarveru hans var þó ekki virk. Þann 6. desember áfram sendi umræddur löggreglufulltrúi báða þessa tölvupósta úr farsíma sínum til staðengils og áttu sér stað samskipti þeirra á milli en ekki voru send svör á réttargæslumann. Í framangreindum erindum tjáði fulltrúi réttargæslumanns að hann hefði sent viðbótargögn við kæruna og í seinna erindinu óskaði hann eftir svörum um hvort gögnin hefðu verið móttokin. Auk þess sem gott væri að fá upplýsingar um líðan málsins. Fleira kom ekki fram í tölvupóstunum.

Í skráningu málsins í Löke, kemur fram að rannsóknarlöggreglumaður stefnir að skýrslutöku yfir brotaþola um miðjan desember. Skýrslutakan fór fram þann 21. desember yfir brotaþola og var réttargæslumaður viðstaddir hana. Í bókun í Löke kemur fram að réttargæslumanni var boðinn tími í skýrslutöku ca. viku fyrr en það hentaði honum ekki.

Við yfirlestur endurrits skýrslutökunnar kemur fram að á heimili sakbornings hafi verið börn sem hann hafi fengið greitt fyrir að hafa í sinni umsjá á þeim tíma sem ætluð brot áttu sér stað. Fram kemur einnig að svo hafi þó ekki verið í tilfelli brotaþola.

Venju samkvæmt var réttargæslumanni boðið að láta bóka og hafa eftir sér ummæli er varða málið. Í endurriti skýrslutökunnar er ekki að sjá ummæli er sérstaklega varða starfsvettvang sakbornings en hann sagði:

„Ekki það að ég sé neitt að skipta mér af því hvernig rannsókn málsins er en ég tel bara nauðsynlegt að það sé hraðað til í þessu máli og líka hvort það sé ekki grundvöllur til þess að fara í húsleit ef það virðist vera eitthvað mikið í gangi þarna inn á heimilinu.“

Ferill málsins við úthlutun er óformlegur. Málið er afhent rannsóknarlöggreglumanni án fyrirmæla eða leiðbeininga um næstu skref ásamt tveimur öðrum málum. Vísað var til þess að þarna væru þrjú mál þar sem langt var liðið frá síðasta ætluðu broti. Við sjáum engin merki þess að málið hafi verið rætt á áðurnefndum vikulegum fundum deildarinnar fyrr en miðvikudaginn 17. janúar 2018.

Almennt hafa stjórnendur deildarinnar með höndum samskipti við barnaverndaryfirvöld. Þegar starfsmenn fá mál til rannsóknar hafa stjórnendur deildarinnar verið í sambandi við viðkomandi yfirvöld eftir því sem tilefni er til. Fram kom í máli þess rannsóknarlöggreglumanns sem fer með rannsókn málsins að þegar málið kom í hans hendur taldi hann, samkvæmt venju, að greining á málinu hefði farið fram og þá þegar væri búið að grípa til allra nauðsynlegra ráðstafana. Eðlilegt er að okkar mati að samskipti löggreglu við barnaverndaryfirvöld við rannsóknir mála séu bókuð í skráningarkerfi löggreglu (Löke). Fyrstu merki um samskipti við barnaverndaryfirvöld eru skráð í Löke að morgni 16. janúar 2018 og fyrir liggur að tölvupótsamskipti á milli LRH og Barnaverndarnefndar Reykjavíkur (BVNR) hefjast þann 17. janúar 2018. Þau samskipti lúta að beiðni um upplýsingar um sakborning og þrjá skjólstæðinga hans á árunum 2004 til 2010. Það er í kjölfar þessara tölvupóstssamskipta sem aðstoðaryfirlöggregluþjóni R1 er gert aðvart um stöðu mála. Engar bókanir er að finna í Löke eða rannsóknaráætlun málsins um að samskipti við barnaverndaryfirvöld hafi hafist fyrr vegna málsins.

Rannsóknarfundur vegna málsins var haldinn kl. 09:00 þann 18. janúar. Þá var yfirlöggregluþjóni kynnt málið og síðdegis sama dag að loknum fundi með BVNR, voru löggreglustjóra kynntir málavextir.

Fram hefur komið að á rannsóknartíma málsins hafi deildin haft til úrlausnar nokkrar mjög umfangsmiklar rannsóknir sem kröfðust aðkomu alls starfsfólks deildarinnar. Vegna þeirra mála urðu tafir á öllum öðrum verkefnum deildarinnar.

Fram hefur komið að ábendingar og e.a. kærur, hafa borist löggreglu og barnaverndaryfirvöldum allt frá árinu 2002 um ætluð kynferðisbrot kærða. Fyrir liggur hjá löggreglu kæra frá árinu 2013 er varðar ætluð brot sem áttu að hafa gerst á árunum 2000 til 2006. Við lestur gagna málsins frá 2013 kemur skýrt fram að kærði starfaði með börnum á vegum

Reykjavíkurborgar á þeim tíma sem brotin voru talin framin. Við skoðun ferils þess máls hjá löggreglu er ekki að finna neinar skráningar um að barnaverndaryfirvöldum hafi verið tilkynnt um málið og barnaverndaryfirvöld hafa staðfest að svo var ekki gert.

Við okkar athugun hafa ekki komið í ljós aðrar tilkynningar eða ábendingar til löggreglu en þær tvær kærur sem að framan eru greindar. Fyrir liggur í samskiptum okkar við barnaverndaryfirvöld að unnið er að því að kanna hvaða upplýsingar eru fyrirliggjandi hjá þeim er varða kærða í máli 007-2017-49755.

## **6. Athugun á stöðu annarra mála í R1**

Samhliða þessari athugun á framvindu málsins var farið í greiningu á öllum fyrirliggjandi verkefnum deildarinnar. Fyrst voru skoðuð þau verkefni sem ekki hafði verið úthlutað til rannsóknar. Niðurstaða þeirrar skoðunar leiddi í ljós að það voru 18 mál sem flokkast ættu algjör forgangsmál og krefjast tafarlausra rannsóknaraðgerða. Fundur var haldinn með stjórnendum deildarinnar síðdegis þann 2. febrúar þar sem þeim var kynnt þessi greining og stjórnendum falið að grípa til tafarlausra aðgerða. Þessi niðurstaða sýnir að okkar mati þörf á að stjórnun og greining á verkefnum deildarinnar verði bætt.

## **7. Niðurstöður**

Niðurstaða höfunda þessarar greinargerðar er sú að meðhöndlun löggreglu á kæru í máli nr. 007-2017-049755 hafi ekki verið í samræmi við almennt vinnulag þegar hún barst hinn 24. ágúst 2017. Í fyrsta lagi er um að kenna mistökum við upphafsgreiningu málsins sem veldur því að barnaverndaryfirvöldum var ekki tilkynnt um málið strax. Þegar leið á rannsókn málsins komu fram atriði sem hefðu átt að verða til þess að grunsemdirnir vöknudu um núverandi starfsvetvang kærða. Það leiddi ekki heldur til viðeigandi viðbragða af hálfu löggreglu.

Skriflegt verklag við útdeilingu mála og forgangsröðun þeirra er ekki fyrirliggjandi. Af viðtölum okkar við starfsmenn deildarinnar hefur komið fram að starfsmönnum sé þó almennt gert aðvart ef að verkefni hafi falið í sér sérstök atriði eða krafist sértækra og tafarlausra aðgerða með einhverjum hætti. Í tilviki máls 007-2017-049755 var engu slíku fyrir að fara.

Það er okkar mat að aðkoma stjórnenda deildarinnar við rannsóknina hafi verið ómarkviss, verkaskipting og ábyrgð stjórnenda óljós og eðlilegt aðhald þeirra við framvindu rannsóknarinnar ekki viðunandi. Þess ber að geta að þegar ljóst var hvers eðils málið var brugðust stjórnendur hratt og örugglega við.

Það er okkar tillaga að gera þurfi umtalsverða breytingu á skipulagi deildarinnar án tafar. Styrkja þarf stjórnun deildarinnar og endurmeta vinnulag. Lagt er til að það verði gert samhliða fjölgun starfsmanna í deildinni sem stefnt er að frá 1. apríl nk.

Þessu mætti meðal annars ná fram með aukinni teymisvinnu, að sett sé samræmt verklag fyrir löggreglu á landsvísu við rannsóknir kynferðisbrota líkt og fyrirliggjandi er um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Slikt verklag þyrfti að lúta að greiningu, forgangsröðun og framvindu mála. Sérstaklega er vakin athygli á mikilvægi þess að öll samskipti löggreglu við barnaverndaryfirvöld séu ítarlega skráð í Löke. Þetta er sérstaklega mikilvægt, í ljósi þess, að flestar kærur þar sem grunur er um að brotið hafi verið gegn börnum berast löggreglu frá barnaverndaryfirvöldum.<sup>5</sup> Að okkar mati er brýnt að endurbætur verði gerðar á Löke til að styrkja stjórnun löggreglurannsókna. Þar má horfa til Norðurlanda til fyrirmynna.

Samhliða þessari athugun var sett saman teymi reyndra rannsóknarlöggreglumanna og löglærðs fulltrúa sem höfðu það hlutverk að greina öll mál sem kynferðisbrotadeild hafði til meðferðar á sama tíma. Niðurstaða þeirrar vinnu, sem lauk 8. febrúar, leiddi til þess að forgangsröðun 18 mála var breytt.

## 8. Fylgiskjöl

1. Reglugerð um starfsstig innan löggreglu nr. 1051/2006.
2. Tölulegar upplýsingar frá Upplýsinga og áætlanadeild LRH.
3. Bréf ríkissaksóknara um niðurfellingu Leiðbeininga um rannsóknir nauðgunarmála.
4. Þingskjal 583/2016-2017. Svar við fyrirspurn til dómsmálaráðherra um um kærur um ofbeldi gegn börnum. Frá Eygló Harðardóttur.

## 9. Tímalína

Eins og áður sagði barst kæran LRH þann 24. ágúst var þá skráð í skráningarkerfi löggreglu (Löke) af þjónustudeild. Ferill málsins í Löke er eftirfarandi:

- 24. ágúst, 2017, kl. 14:33 móttetur þjónustudeild málið og skráir það í Löke.
- 24. ágúst, kl. 14:34 er málið skráð af þjónustuveri í ferilinn *Deild* og sjálfkrafa skráist málið á aðstoðaryfirlöggregluþjón deildarinnar.
- 24. ágúst, kl. 14:49, sama dag, móttetur löggreglufulltrúi deildarinnar, málið og skráir það í ferilinn *Til afgreiðslu* í Löke og um leið á sig sjálfan.
- 7. september, kl. 12:49, er næsta hreyfing í Löke þegar löggreglufulltrúi deildarinnar skráir málið í ferlinn *Í rannsókn* á tiltekinn rannsóknarlöggreglumann. Samhliða því þarf að skrá löglærðan fulltrúa á

<sup>5</sup> Sjá fylgiskjal 2 og fylgiskjal 4.

ákærusviði með málið sem var og gert. Til útskyringar, þá verður að skrá two aðila fyrir máli þegar það fer í ferilinn *Í rannsókn*, einn rannsóknarlögreglumann og einn löglærðan fulltrúa. Þess ber að geta að umræddur löglærður fulltrúi byrjaði í launalausu leyfi hjá embættinu þann 1. september.

- 21. desember mætir brotaþoli til skýrslutöku hjá lögreglu ásamt réttargæslumanni.
- 17. janúar 2018, kl. 11:01 sendir rannsóknarlögreglumaður málsins tölvupóst á lögreglufulltrúa deildarinnar og óskar eftir því að hann kanni hvort kærði hafi verið með börn á vegum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur eða verið starfsmaður hennar, á árunum 2004 til 2010. Biður rannsóknarlögreglumaðurinn einnig um að kannað verði með þrjá drengi sem gætu hafa búið hjá kærða á sama tímabili.
- 17. janúar, kl. 14:04 sendir lögreglufulltrúiinn tölvupóst til Barnaverndarnefndar Reykjavíkur (BVNR), og spyrst fyrir um kærða fyrir umrætt tímabil. Eðli málsins samkvæmt er sakborningur nafngreindur í tölvupóstinum og að hann sé grunaður um að hafa framið kynferðisbrot og að í kæru komi fram að hann hafi haft börn á vegum Barnaverndarnefndar Reykjavíkur á árunum 2004 til 2010.
- 17. janúar, kl. 14:08 svarar BVNR og segir að málið verði kannað.
- 17. janúar, kl. 14:09 svarar lögreglufulltrúiinn, þakkar fyrir og gefur upp farsímanúmer sitt.
- 17. janúar, kl. 14:12 svarar BVNR og segir að lögfræðingar þar spyrji á hvaða lagagrundvelli beiðnin er sett fram.
- 17. janúar, kl. 14:23 svarar lögreglufulltrúiinn og segir að um alvarlegt sakamál sé að ræða og vísar í heimildir lögreglu og rannsóknir í lögum um meðferð sakamála.
- 17. janúar, kl. 17:08 svarar BVNR og segir að kærði sé á kvöldvakt næstu daga og brýnt sé að víkja honum frá störfum á meðan rannsókn stendur yfir. Í kjölfarið var aðstoðaryfirlögregluþjóni kynferðisbrotadeildar gert aðvart um stöðu málsins.
- 18. janúar, kl. 09:00 yfirlögregluþjóni kynnt málið.
- 18. janúar, kl. 10:35 var kærði handtekinn.
- 18. janúar, síðdegis, var haldin fundur með BNVR. Í framhaldi af þeim fundi var lögreglustjóra kynnt málið og málavextir.